

Alþingi  
Erindi nr. Þ 121/1639  
komudagur 18/4 '97

Grundarfirði 16.04.1997.

Sjávarútvegsnefnd alþingis.

Varðar: Frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Á almennum félagsfundi í Útvegsmannafélagi Snæfellsnes sem haldinn var í Grundarfirði þann 15.04.1997 var eftirfarandi samþykkt gerð. Almennur félagsfundur í Útvegsmannafélagi Snæfellsnes, beinir því til Alþingis að í 5. gr. frumvarpsins um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands verði bætt.

F. Breiðafjörður

Flokkur 3

Tímabilið 1. júní til 31. desember utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 41) og Skorarvita (vms 42). Að norðan takmarkast svæði þetta af 65° 16'0 N.

Sjá meðfylgjandi kort, ofangreint svæði er í núverandi lögum og heitir F 3.

Greinargerð:

Undanfarin mörg ár hafa verið skiptar skoðanir um ofangreint hólfi. En nú er allur megin þorri félagsmanna í Útvegsmannafélagi Snæfellsnes sáttur við að hólfið verði opið smærri togbátum. Héðan frá Breiðafjarðarhöfnum eru gerðir út örfáir bátar til togveiða allt árið, og skiptir F 3 hólfið þá mjög miklu máli afkomulega séð á haustmánuðum. Ljóst er að við lokun F 3 hólsins mun útgerð þessara skipa leggjast að mestu af. Útgerð smærri skipa hefur sem betur fer að mestu haldist óbreytt við Breiðafjörð undanfarin ár þrátt fyrir mikinn samdrátt.

Væntingar manna hér við Breiðafjörð eru miklar til ört stækkandi veiðistofn þorsks. Skipstjórnarmenn fullyrða að ekki sé sótt og að ekki verði sótt í smáfisk á svæðinu og gefur það auga leið. Einnig er veiðitæknin að breytast þannig að hægt er að forðast smáfisk. Og ekki sé rétt að loka svæðinu um aldur og ævi þess vegna.

f.h. stjórnar Útvegsmannaf. Snæfellsnes

Guðm. Smári Guðmundsson.

24°

20°

16°



LÖG Nr. 81 31. maí 1976

